

## " Intraday Returns and Realized Volatility from the the Icelandic Foreign Exchange Market"

"Þrátt fyrir að íslenski gjaldeyrismarkaðurinn sé einn smæsti og hugsanlega viðkvæmasti gjaldeyrismarkaður heims þá lítur út fyrir að markaðurinn hagi sér nákvæmlega eins og risastórir erlendir gjaldeyrismarkaðir. Að þessari niðurstöðu er komist þegar um 1.3 milljón tikk íslensku gengisvísistölunnar eru rannsökuð og sjö eiginleikar (þekktir erlendis frá) tengdir dreifingu ávöxtunar, sjálffylgni ávöxtunar, sjálffylgni algildis ávöxtunar og hlutfalli flökts yfir daginn eru prófaðir. Í ritgerðinni er einnig sögulegt flökt(e. realized volatility) kynnt til sögunnar og þrír eiginleikar(einnig þekktir erlendis frá) flöktsins prófaðir. Megin niðurstaða rannsóknarinnar er sú að eiginleikar gagnanna hefði mátt finna í niðurstöðum sambærilegra erlendra rannsókna. Samhliða því að eiginleikar gengisvísistölunnar voru prófaðir þá eru tvær mismunandi brúunaraðferðir skoðaðar. Þær voru línuleg brúun(e. linear interpolation) og brúun síðasta gildis(e. last-tick interpolation).

Helsta niðurstaðan er sú að það hefur lítil áhrif á útkomu prófana hvor brúunin er notuð."

Gísli Halldór Ingimundarson  
MS í fjármálahagfræði